



Lýðræðishreyfingin, Vogasel 1, 109 Reykjavík
Sími: 4500500 – Netfang: jpl@lydvarpid.is

Til úrskurðarnefndar fjarskipta og póstmála,
Jóna Björk Helgadóttir hdl., Landslög ehf,
Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík.

Símbréf: 520 2901
Netfang: landslog@landslog.is

17. júní 2010

Með bréfi þessu er kærð til Úrskurðarnefndar um fjarskipta og póstmál ákvörðun PFS nr. 13/2010 í máli Lýðræðishreyfingarinnar / Lýðvarpsins vegna tíðnileyfis FM100.5 sem Lýðræðishreyfingin fékk úthlutað fyrir útvarpsstöðina Lýðvarpið í janúar 2009.

Fjárfest var í búnaði fyrir á annan tug milljóna fyrir Lýðvarpið og m.a. keyptur 2000w sendir og loftnetskerfi erlendis frá og var þessi búnaðurinn valinn að höfðu samráði við PFS til útsendinga um allt Suðvesturhorn landsins (m.a. suðurland, suðurnes, stór-reykjavíkursvæðið og vestur yfir snæfellsnes). Rétt er að geta þess að uppsetning masturs kostaði yfir 5 milljónir króna til viðbótar m.a. vegna erfiðleika vegna veðuraðstæðna í Bláfjöllum á þessum tíma.

Fljótlega eftir að útsendingar Lýðvarpsins hófust í mars 2009 barst kvörtun frá starfsmanni skíðasvæðisins í Bláfjöllum vegna þess að útsendingin yfirgæfði aðrar útvarpsrásir í starfsaðstöðu hans á svæðinu. Að höfðu samráði við PFS var sendiaflið minnkað úr 2000w í 1000w og gengist undir það að færa útsendingamastrið eins fljótt og auðið væri en þar til gæti komið til að slökkva yrði á útsendingunni einhver tímabil yfir veturinn ef aftur yrði kvartað. Setti þetta auðvitað starfsemi Lýðvarpsins og rekstursáætlanir í algert uppnám þar sem ljóst var að ekki yrði hægt að tryggja ótruflaðar útsendingar fyrr en mastrið væri komið á nýjan stað.

Í júlí 2009 hafði Lýðræðishreyfingin samband við PFS vegna flutnings á mastriinu. Starfsmaður PFS (Bjarni) fór ásamt Ástþóri Magnússyni og Jóni Pétri Líndal uppí Bláfjöll til að skoða aðstæður. Var það niðurstaða þessarar ferðar að Lýðræðishreyfingin myndi kanna hjá Mílu og Flugstöðum möguleika á að komast í þeirra aðstöðu á svokölluðu “neðra-svæði” en Bjarna leist best á þann möguleika. Stuttu síðar hafði Ástþór samband við Bjarna og sagði honum að niðurstaðan eftir fund með Flugstöðum væri sú að neðra-svæði gæti varla gengið vegna þess að þar væri staðsettur móttökubúnaður Flugstöða og hann gæti verið viðhvæmur fyrir truflunum. Sagði Ástþór Bjarna að hugsanlega væri hægt að komast í stóra mastrið á efra-svæði Flugstöða, þar sem sendar væru staðsettir, en að niðurstaða Lýðræðishreyfingarinnar væri sú að best væri að vera með eigin aðstöðu á fjallinu og lagði Ástþór til staðsetningu í því sambandi. Bjarni sagðist þyrfti að kanna málið, m.a. með mælingum, og myndi hafa samband síðar. Ekkert heyrðist aftur frá Bjarna, vetur gekk í garð með þeim afleiðingum að fresta varð framkvæmdum til næsta sumars (2010) vegna þess að nánast útilokað er að vinna í fjallinu yfir veturinn vegna veðurs.

Lýðvarpið var því rekið með lágmarks tilkostnaði í hálfgerði biðstöðu veturinn 2009-2010 þar sem beðið var eftir ákvörðun PFS hvert mætti flytja útsendingamastríð sem var forsenda þess að útsendingin væri með tryggum hætti alla daga ársins sem svo aftur var forsenda þess að hægt væri að ráða starfsmenn í fulla dagskrárgerð og hefja auglýsingasölu til fjármagna reksturinn. Útsendur var hinsvegar haldið áfram eins og hægt var við þessar aðstæður, m.a. endurtekið efni, síðan sent út frá Alþingi á haustmánuðum svo og um Icesave umræðuna í Desember og Janúar bæði með beinum útsendingum svo og endurtekið efni frá Alþingi.

Þann 2 febrúar er slökkt á sendinum en þá var hafin undirbúningur að opnun skíðasvæðisins og þetta því í samræmi við það sem PFS hafði tjáð Lýðræðishreyfingunni að stofnunin gæti þurft að krefjast þess að slökkt yrði á sendi Lýðvarpsins einhver tímabil sem skíðasvæðið væri í notkun. Nú er hinsvegar komið í ljós að PFS hafði samband við óviðkomandi aðila, þess starfsmanna skíðasvæðisins og kvartaði yfir neistaflugi úr mastri Lýðvarpsins. Hinsvegar gerði PFS engar tilraunir til að hafa nokkurt samráð eða samband við Lýðræðishreyfinguna vegna þessa, þrátt fyrir að hafa skyldur í fjarskiptalögum að láta rekstursaðila fjarskiptabúnaðar vita um slíkt.

Þegar Lýðræðishreyfingin ætlaði síðan að hefja útsendingar að nýju um Icesave umræðuna kom í ljós að búið var að brjótast inni aðstöðu og mastur Lýðvarpsins og koma þar fyrir öðrum búnaði.

Nú er komið í ljós að í mars 2010 var tíðninni FM100.5 endurúthlutað af PFS til annars aðila, Concert-KEF fyrir útvarpsstöðina Kaninn í kjölfar þess að PFS óskaði eftir því við óviðkomandi aðila (umsjónarmann skíðasvæðis í Bláfjöllum) að slökkt yrði á útvarpssemi Lýðvarpsins vegna neistaflugs í mastri án þess að hafa nokkurt samráð eða samband við Lýðræðishreyfinguna.

Í erindi okkar til PFS var þess krafist að Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) tryggði án tafar að tíðnin 100,5 MHz yrði eingöngu til afnota fyrir Lýðvarpið. Samhliða því yrði núverandi notanda tíðninnar, Concert- KEF (Kaninn), tilkynnt að úthlutun til hans á tíðninni væri afturkölluð.

Ljóst er að eitthvert meiriháttar klúður hefur átt sér stað hjá PFS í þessu máli sem rakið er til þess að Lýðræðishreyfingin sótti fyrst um eins árs útvarpsleyfi, en síðar bað um að leyfinu yrði breytt til þriggja ára m.a. vegna þeirrar miklu fjárfestingu sem komin var í tækjabúnað og þar sem útsendingarsvæðið væri stærra en kom fram í fyrsta leyfisbréfi hjá Útvarpsréttarnefnd. Leyfið var því endurútféð til þriggja ára og sagðist starfsmaður Útvarpsréttarnefndar sjá til þess að tilkynna breytinguna til PFS eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum, en þær vinnureglur sem farið hefur verið eftir undanfarin ár hjá Útvarpsréttarnefnd og PFS er að við endurútgáfu útvarpsleyfis þarf leyfishafi ekki að sækja um endurnýjun eða framlengingu á tíðnileyfi til PFS þar sem tíðnileyfið fylgir útgáfutíma útvarpsleyfisins hverju sinni og því framlenging tíðnileyfis sjálfvirk.

Rétt er að nefna í þessu sambandi að samskipti um málið bæði við PFS og Útvarpsréttarnefnd hafa verið nokkuð furðuleg og hefur viðmót þessara stofnana einkennst af því að reyna að réttlæta sitt klúður og heimfæra ábyrgð á innanhús mistökum þessara stofnana yfir á Lýðræðishreyfinguna. Þessa gætir m.a. í því að í byrjun er reynt að halda því fram af PFS og Útvarpsréttarnefnd að um tvö aðskilin útvarpsleyfi hafi verið að ræða. Í seinni bréfum stofnanna virðast ríkisstofnanirnar ekki lengur reyna að leysa úr klúðri sínu með slíkum “töfrabrogðum” um tvö aðskilin leyfi gagnvart Lýðræðishreyfingunni enda eins og við höfum bent þeim á er slíkt auðvitað fjarstæða enda ekki hægt að veita tvö útvarpsleyfi fyrir sama útsendingarsvæði fyrir sömu útvarpsstöð með sama kallmerki. Þá eru einnig furðuleg samskiptin við Útvarpsréttarnefnd um skjalavörslu stofnunarinnar og vinnuferli. Eins og fram kemur í meðfylgjandi fylgiskjölum er engu líkara en formaður þessarar stofnunar beri skjalasafn hennar í rassvasanum.

PFS reynir hinsvegar nýja útgáfu af “töfrabrogðum” til að komast hjá því að taka ábyrgð á eigin klúðri. Nú er sagt að það hafi verið á ábyrgð Lýðræðishreyfingarinnar að tíðnileyfinu yrði breytt til samræmis við framlengt útvarpsleyfi. Hinsvegar er sá hængur á þessar afstöðu PFS að þetta gengur þvert á hefðir og verkfallsreglur stofnunarinnar eins og fram kemur í svari PFS 15.06.10:

“Sæll Ástþór,

Það er rétt skilið að niðurstaða PFS byggir m.a. á því að það hafi verið á ábyrgð Lýðræðishreyfingarinnar að tíðnileyfi hreyfingarinnar yrði breytt til samræmis við endurútgefna leyfið.

Hvað varðar það ferli sem hefur verið fylgt við endurnýjun tíðnileyfa þá er þessu við að bæta frá því sem fram kemur í ákvörðuninni.

Gjalddagi árgjalda tíðniheimilda fyrir útvarpsenda er 1. mars ár hvert. Þá er athugað með stöðu útvarpsleyfa og ef útvarpsleyfi er að renna út þá eru menn minntir á að sækja um endurnýjun til Útvarpsréttarnefndar í tíma. Þetta hefur í langflestum tilfellum dugað en í einstökum tilfellum hefur þurft að ítreka. Þá er og athugað hvort að útsendingar séu í gangi.

Ekki hefur verið gefin út ný tíðniheimild til þeirra sem hafa fengið endurnýjuð útvarpsleyfi. Nýr gildistími tíðniheimilda hefur verið tilgreindur á fylgiseðli með reikningi fyrir árgjöldum. Fylgiseðill tilgreinir hvaða tíðniheimildir eru í gangi (upplýsingar um senda, tíðnir, sendiafl o.fl.).

Hins vegar í tilfelli Lýðræðishreyfingarinnar þá var samkvæmt okkar upplýsingum útvarpsleyfið runnið út og engar útsendingar höfðu verið í langan tíma og rekstri þar með hætt að álitni PFS.

Kv.

Friðrik Pétursson”

Skeytið afhjúpar óreiðu og óvönduð vinnubrögð PFS sem útilokað er að heimfæra á ábyrgð Lýðræðishreyfingarinnar. Sé ekki um óreiðu að ræða innan PFS, þá hafa annarleg sjónarmið ráðið því að tíðnin FM100.5 var tekin af Lýðræðishreyfingunni og veitt öðrum aðila, en samkvæmt upplýsingum PFS er enginn önnur tíðni til sem veitir möguleika á útsendingarsvæði Lýðvarpsins með þeim búnaði sem fjárfest var í að höfðu samráði við PFS.

Í ofangreindu skeyti segir: “Þá er athugað með stöðu útvarpsleyfa og ef útvarpsleyfi er að renna út þá eru menn minntir á að sækja um endurnýjun til Útvarpsréttarnefndar í tíma. Þetta hefur í langflestum tilfellum dugað en í einstökum tilfellum hefur þurft að ítreka.”

Ljóst er að PFS fylgdi ekki ofangreindri vinnureglu gagnvart Lýðræðishreyfingunni. Ekkert samband var haft við Lýðræðishreyfinguna eða Lýðvarpið af hálfu PFS. Rétt er að vekja athygli á bréfi Menntamálaráðuneytisins til Lýðvarpsins þann 7. apríl s.l. og fylgiskjal með þeim pósti er sýnir gild útvarpsleyfi og hvenær þau renna út en þar kemur skýrt fram að útvarpsleyfi Lýðvarpsins er í gildi til 15. janúar 2012. Þetta sýnir að til er samantekinn listi yfir öll gild útvarpsleyfi og þetta sannar að PFS athugaði ekki stöðu útvarpsleyfis Lýðvarpsins áður en PFS endurúthlutaði tíðninni FM100.5 án frekari viðvarana, könnunar á málinu eða nokkurra fyrirspurna til Lýðræðishreyfingarinnar um hvort samtökin hygðust endurnýja leyfi sitt.

Í ákvörðun PFS byggir stofnunin niðurstöðu sína á því að Lýðræðishreyfingunni hafi borið að sjá til þess og ganga úr skugga um að réttar upplýsingar um útvarpsleyfið færu á milli

Útvarpsréttarnefndar og PFS. Þar sem Lýðræðishreyfingin hafi ekki passað upp á að réttar upplýsingar bærust milli stofnana var það ákvörðun PFS að hafna kröfu Lýðræðishreyfingarinnar.

Við teljum að með þessari afstöðu sé PFS að varpa ábyrgð á samskiptum þessara stofnana á viðskiptavini þeirra. Það er algjörlega óeðlileg og óásættanleg afstaða að okkar mati. Því er okkur ekki fært annað en að kæra ákvörðun PFS í þessu máli.

Við höfum einnig spurst fyrir um það hjá bæði Útvarpsréttarnefnd og PFS hvernig vinnubrögðum stofnananna er háttað varðandi útvarps- og tíðnileyfi með tölvupóstum. Spurningarnar og svörin fylgja hér með. Efnislega eru enn engin svör komin frá Útvarpsréttarnefnd.

Í svari PFS kemur fram að almenn vinnubrögð PFS þegar tíðnileyfi eru að renna út eru:

1. Að athuga með stöðu útvarpsleyfa.
2. Minna menn á að sækja um endurnýjun til Útvarpsréttarnefndar í tíma, í stöku tilfellum eru menn ítrekað minntir á þetta.
3. Athuga hvort útsendingar eru í gangi.

Við teljum að úr því þetta eru almenn vinnubrögð PFS við endurnýjun tíðnileyfa, þá hafi stofnunin mismunað Lýðræðishreyfingunni með því að víkja verulega frá þessum vinnubrögðum, varðandi tíðnileyfi hennar því augljóslega hefur PFS ekki í þessu tilviki athugað með stöðu útvarpsleyfis sem var í gildi til 15. janúar 2012, a.m.k. hefur það varla verið athugað hjá Útvarpsréttarnefnd sem gaf leyfið út. Auk þess þá minnti PFS ekki Lýðræðishreyfinguna eða nokkurn af forsvarsmönnum hennar, á að sækja um endurnýjun útvarpsleyfisins, hvað þá að ítrekað væri minnt á þetta.

Hins vegar segist stofnunin hafa athugað hvort útsendingar væru í gangi, og þær hafi ekki verið það þegar sú athugun var gerð. Það getur staðist. Það er hins vegar alrangt að engar útsendingar hafi verið í langan tíma frá stöðinni, því sent var út daglega í desember 2009 og sent var út í janúar 2010 frá Alþingi eins og fram hefur komið. Það er því undarlegt að halda því fram að við athugun á stöðu útsendinga út af útvarpsleyfi sem PFS taldi renna út 15. janúar 2010 hafi engar útsendingar verið í langan tíma frá stöðinni. Á þessum tímamarki voru reglubundnar beinar útsendingar frá Alþingi svo og útsendingar á endurfluttu efni frá Icesave umræðunni, þótt útsendingar hafi hugsanlega fallið niður í einhverjar klukkustundir einstaka daga.

Það þarf varla að taka það fram að með útvarpsleyfi til 15. janúar 2012 í höndunum voru forsvarsmenn Lýðræðishreyfingarinnar algjörlega grunlausir um að frekar þyrfti að passa upp á að útvarps- og tíðnileyfi væru í gildi fyrir en að þeim tíma kæmi er leyfið rynni út 2012, eða að réttar upplýsingar bærust á milli Útvarpsréttarnefndar og PFS. Lýðræðishreyfingin hefur engan aðgang að upplýsingaflæði milli Útvarpsréttarnefndar og PFS eða annarra opinberra stofnana og getur því ekki borið ábyrgð á að þessar stofnanir sinni starfskyldum sínum og upplýsingagjöf.

Ofangreindar upplýsingar frá PFS staðfesta að stofnunin hefur vikið frá almennum vinnureglum sínum og brotið með því á Lýðræðishreyfingunni með forkastanlegum vinnubrögðum, fyrst með því að úthluta útvarpstíðni Lýðvarpsins FM 100,5 til Kanans, og svo aftur með því að hafna kröfu Lýðræðishreyfingarinnar um leiðréttingu mála með ákvörðun sinni sem við nú kærum.

Okkur virðist að undirliggjandi ástæða fyrir ákvörðun PFS um að hafna kröfu okkar, sé sú einfalda staðreynd að það er sú sama stofnun sem ber ábyrgð á öllu þessu klúðri með því að afla sér ekki réttra upplýsinga um stöðu útvarpsleyfis, kanna ekki hjá Lýðræðishreyfingunni hvort hún

hyggist endurnýja útvarpsleyfið og að lokum neita að leiðrétta eigin mistök þegar eftir því er leitað af hálfu Lýðræðishreyfingarinnar.

Einnig eru það forkastanleg vinnubrögð af starfsmönnum PFS að setja rekstur einnar útvarpsstöðvar í uppnám með fyrirskipun um flutning á milljóna króna útvarpsmastri en veita síðan öðrum aðila leyfi til að senda út frá sama mastri á sömu tíðninni á meðan Lýðvarpið bíður eftir úrskurði PFS um nýjan stað fyrir mastrið. Nýji aðilinn, útvarpsstöðin Kaninn, réðist síðan inni aðstöðu Lýðvarpsins og olli skemmdum á sendibúnaði. PFS hefur valdið Lýðvarpinu milljóna tjóni með rekstrartruflunum vegna þessarar skipunar um að færa útsendingarmastrið og þeirri yfirlýsingu starfsmanna PFS að Lýðvarpið geti átt von á því að slökkva þurfi fyrirvarslaust á sendinum á einhverjum tímabilum komi kvartanir frá aðilum á skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Þetta háttarni Póst og fjarskipastofnunar er óvönduð stjórnsýsla með eindæmum sem vekur jafnvel upp spurningar hvort starfsmenn og stjórnendur PFS séu yfir höfuð starfi sínu vaxnir.

Auk þess að kæra ákvörðun PFS þá krefjumst við greiðslu alls kostnaðar vegna málsins hingað til og vegna þessarar kæru til úrskurðarnefndarinnar og förum fram á að nefndin úrskurði einnig um þann þátt málsins.

Við áskiljum okkur rétt til að leggja fram frekari gögn um alla þætti málsins, þ.m.t. áfallinn kostnað vegna málsins.

Um leið og við furðum okkur á og mótmælum því að krafist sé að stjórnmalasamtök eins og Lýðræðishreyfingin greiði áfrýjunargjald til opinberrar nefndar vegna úrskurðar um mistök í opinberri stjórnsýslu, viljum við að sjálfsögðu fá málið afgreitt sem fyrst og biðjum því vinsamlega að nefndin láti vita um hæl inná hvaða bankareikning greiða beri kærugjaldið.

Virðingarfyllst,

Lýðvarpið / Lýðræðishreyfingin Kt. 450698-3429



Jón Pétur Línal



Ástþór Magnússon Wium